

Nd.

30. Frumvarp til laga

[29. mál]

um Grænlandssjóð.

Flm.: Matthías Bjarnason, Halldór Ásgrímsson, Benedikt Gröndal, Garðar Sigurðsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Grænlandssjóður, til að stuðla að nánari sambúð Íslendinga og Grænlandinga.

2. gr.

Grænlandssjóður skal veita styrki til kynnisferða, námsdvala, listsýninga, íþróttasýninga og annarra málefna á sviði lista, vísinda og tæknimála, er geta stuðlað að eflingu samskipta Grænlandinga og Íslendinga.

3. gr.

Ríkissjóður skal leggja í Grænlandssjóð árin 1980, 1981 og 1982 75 milljónir kr. hvert ár. Verði breyting á gengi danskrar krónu frá því að lög þessi taka gildi skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins breytast í samræmi við það. Auk þess skal sjóðsstjórnin leita eftir framlögum í sjóðinn frá fyrirtækjum, stofnunum, félagssamtökum og einstaklingum.

4. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast fjárreiður Grænlandssjóðs og ávaxta fé hans. Framlögum og öðrum tekjum sjóðsins skal jafnóðum breytt í grænlandskan gjaldeyri.

5. gr.

Til styrkveitinga skal verja allt að 9/10 hlutum vaxtatekna sjóðsins. Eigi skal skerða stofnfé sjóðsins. Gjafir til sjóðsins skulu að jafnaði leggjast við stofn hans, nema stjórn sjóðsins sé sammála um að verja ákveðnum gjöfum eða framlagi til einstaks verkefnis, sem hún telur að sé sérstaklega þörf fyrir.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum. Alþingi kýs þá hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi. Forsætisráðherra skipar formann stjórnarinnar. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera til þriggja ára. Stjórn sjóðsins skal vera ólaunuð.

7. gr.

Formaður sjóðsstjórnar ákveður hvenær stjórnin kemur saman til fundar, en auk þess geta tveir stjórnarmenn krafist fundar.

Forsætisráðherra setur reglugerð um starfsemi sjóðsins, ef sjóðsstjórnin óskar þess.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Grænland er næsti nágranni okkar, en kynni og samskipti Íslendinga og Grænlandinga hafa verið sáralítill, enda hefur Grænland verið að mestu leyti lokað land. En nú hafa Grænlandingar fengið heimastjórn og eru að taka í eigin hendur stjórn flestra innanlandsmála lands síns. Þeir eiga við gifurlega erfiðleika og vandamál að etja í hinu risastóra og hrjóstruga landi sínu, og er full ástæða til þess fyrir okkur Íslendinga að kanna hvort við getum orðið þeim að nokkru liði, en til þess að svo megi verða þarf að stofna til nánari kynna milli þjóða okkar.

Árið 1982 verða 1000 ár liðin frá fyrstu heimsókn Eiríks rauða til Grænlands. Virðist full ástæða til að Íslendingar minnst þessa afmælis og um leið hins merka þjóðfélags Íslendinga í Grænlandi næstu aldir eftir fund landsins.

Vitað er, að Grænlandingar ráðgera hátíðahöld sumarið 1982 í tilefni af 1000 ára afmælinu, eins og m. a. kemur fram af viðtali er Henrik Lund bæjarstjóri í Kakortok (Julianehaab) átti við Grönlandsposten snemma á þessu ári.

Flutningsmenn telja, að sjóðsstofnun sú, sem hér er gert ráð fyrir, yrði vænlegt framlag til að efla sambúð Íslendinga og Grænlandinga og að sjóðurinn yrði um leið verðugur minnisvarði um afrek Eiríks rauða og um íslensku byggðina í Grænlandi.

Ljóst er, að starfsemi hins fyrirhugaða Grænlandssjóðs yrði ekki aðeins Grænlandingum í vil. Nánari kynni og samskipti okkar við Grænlandinga yrðu báðum aðilum til hags, bæði á sviði menningar- og efnahagsmála. Margt bendir til að Íslendingar geti í framtíðinni fengið ýmis verkefni í tengslum við uppbygginguna í Grænlandi sem íslensk atvinnufyrirtæki nýtu góðs af.

Rannsóknir og samvinna um nýtingu fiskimiða þessara tveggja þjóða er þýðingarmikil fyrir þær báðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um 2. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um 3. gr.

Leggja þarf það mikið fé til sjóðsins að hann komi að verulegu gagni. Er því gert ráð fyrir að framlag ríkisins verði greitt á 3 árum. Hvað snertir önnur framlög yrðu vafalaust ýmsir sem vildu leggja lið, t. d. ýmis fyrirtæki og félög, eins og Rotary-, Lions-, Kiwanisklúbbar o. s. frv.

Um 4. gr.

Þar eð gera má ráð fyrir, að meiri hluti styrkveitinga úr sjóðnum fari til greiðslna í Grænlandi, og af öðrum ástæðum verður að telja nauðsynlegt að hafa fé sjóðsins í erlendum gjaldeyri.

Um 5. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir, að sjóðsstjórnarmenn taki ekki laun, m. a. vegna þess að Seðlabanka Íslands er ætlað að annast allar fjárreiður sjóðsins.

Um 7.—8. gr.

Þurfa ekki skýringa.